

10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á og við Skeiðarársand, er opni hringveg um landið.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 99 frá 28. desember 1971, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. febrúar 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson

20. janúar 1972.

Nr. 18.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1971.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1971, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur		kr. 15 000.00
II. flokkur		— 12 000.00
III. flokkur		— 9 000 00
IV. flokkur		— 6 000.00
V. flokkur		— 3 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn.
Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar.
Holts apótek.
Laugavegs apótek.
- III. flokkur: Akureyrar apótek.
Apótek Keflavíkur.
Hafnarfjarðar apótek.
Ingólfs apótek.
Stjörnu apótek.
Vesturbæjar apótek.
- IV. flokkur: Akranes apótek.
Apótek Vestmannaeyja.
Borgar apótek.
Garðs apótek.
Háaleitis apótek.
Ísafjarðar apótek.

Kópavogs apótek.
Laugarnes apótek.
Lyfjabúð Breiðholts.
Selfoss apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði.

Apótek Neskaupstaðar.
Borgarnes apótek.
Dalvíkur apótek.
Húsavíkur apótek.
Patreks apótek.
Sauðárkróks apótek.
Siglufjarðar apótek.
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. apríl 1972.
Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30
29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. janúar 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.